

## Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um söfnunarkassa og happdrættisvélar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru brúttótekjur Íslenskra söfnunarkassa sf. og Happdrættis Háskóla Íslands af söfnunarkössum og happdrættisvélum árin 2000, 2001 og 2002?*
2. *Hver voru heildarrekstrargjöld hvors fyrirtækis á þessum árum?*
3. *Hverjar voru heildarvinningsfjárhæðir hvors fyrirtækis sömu ár?*

Ráðuneytið leitaði eftir upplýsingum frá Íslandsspili (áður Íslenskir söfnunarkassar) og Happdrætti Háskóla Íslands vegna fyrirspurnarinnar. Byggjast meðfylgjandi tölur á þeim upplýsingum. Vakin er athygli á að þeir peningar sem spilað er fyrir í vélunum/kössunum og eru greiddir út á staðnum, þ.e. úr vélunum/kössunum, eru ekki innleystir sem tekjur í bókhaldi, né eru vinningar gjaldfærðir. Því er ekki unnt að veita svar við 3. lið fyrirspurnarinnar, um heildarvinningsfjárhæðir, nema hvað varðar greiðslu úr gull- og silfurpottum Gullnámu Happdrættis Háskóla Íslands. Að því er varðar Happdrætti Háskóla Íslands taka upplýsingarnar einungis til þess hluta starfsemi happdrættisins sem lýtur að rekstri happdrættisvéla.

	<b>Íslandsspil Kr.</b>	<b>HHÍ Kr.</b>
1. Tekjur		
2000	1.289.258.385	962.355.135
2001	1.302.900.067	1.201.841.617
2002	1.360.528.631	1.236.604.000
2. Heildarrekstrargjöld		
2000	356.855.197	382.639.847
2001	379.436.327	475.143.677
2002	415.988.647	505.940.318
3. Vinningar		
2000		166.051.818
2001		274.689.986
2002		279.974.862